



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

24. ágúst – Pistill nr. 17

Kæru Mývetningar nær og fjær. Þetta er 17. sveitarstjórapistillinn sem kemur út en fram að þessu hefur honum eingöngu verið dreift rafrænt með tölvupósti. Að þessu sinni er pistlinum jafnframt dreift í fjölpósti í öll íbúðarhús Skútustaðahrepps þar sem ýmsar upplýsingar sem hér koma fram er mikilvægt að koma vel á framfæri. Þeir sem vilja láta bæta sér á tölvupóstlistann til að fá pistilinn rafrænt geta sent línu á sveitarstjori@myv.is. Sumarið hefur verið dásamlegt í Mývatnssveit. Veðrið hefur verið með besta móti og með eindæmum gestkvæmt. Hljóðið í mörgum ferðabjónustuaðilum er gott og því er fyllsta ástæða til bjartsýni með framhaldið.



Nemendur Reykjahlíðar fá ókeypis skólagögn

Skólanefnd lagði til við sveitarstjórn að frá og með hausti 2017 verði öllum börnum í Reykjahlíðarskóla veittur hluti nauðsynlegra námsgagna þeim að kostnaðarlausu (s.s. ritföng, reikningsbækur, stílabækur, límstifti, skæri, plast/teygjumöppur og vasareiknar). Áætlaður kostnaður er 250.000 kr. Sveitarstjórn samþykkti tillögu skólanefndar samhljóða. Er þetta mikið fagnaðarefni. Verður þetta verkefni þróað með haustinu.

Reykjahlíðarskóli settur í morgun

Reykjahlíðarskóli var settur í morgun. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri fór yfir skipulag vetrarins en nemendur verða 33. Eins og mörg undanfarin ár er stöðugleiki í starfsmannahaldi í Reykjahlíðarskóla og er það fagnaðarefni. Sú nýjung verður að þessu sinni að boðið verður upp á ókeypis frístundastarf í Reykjahlíðarskóla fyrir 1.-7. bekk. Jóhanna Jóhannesdóttir heldur utan um starfið. Verður fjölbreytt starf í boði og þurfa foreldrar að skrá nemendur í frístundastarfið. Rétt er að geta þess að gamla heimasíðan verður ekki uppfærð þar sem ný heimasíða er í undirbúningi. Fréttir úr leikskólanum verða á heimasíðu

sveitarfélagsins, www.myv.is. Sjá meira um heimasíðumál síðar í pistlinum.

Leiktæki á skólalóð eru í endurnýjun en vegna seinkunar frá birgjum verða ný leiktæki ekki tilbúin fyrr en upp úr mánaðarmótum.

Vegna framkvæmda við Klappahraun eru foreldrar beðnir að ítreka fyrir börnum sínum sem ganga í skólann að fara varlega. Jafnframt er búið að koma þeim skilaboðum til verktaka við götuna að sýna aðgætni.



Enn öflugri tónlistarkennsla

Tónlistarskóli Mývatnssveitar verður með svipuðu sniði og síðasta vetur en þá var tónlistarkennslan í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla hefur haldið utan um starfsemi tónlistarnámsins og tókst vel til síðasta vetur og ríkti ánægja með starfseminna. Sú breyting verður í vetur að tveir kennarar koma í Reykjahlíðarskóla frá Húsavík og verður hægt að bjóða upp á enn fjölbreyttara hljóðfæranám en áður. Jafnframt verður tónlistarkennsla á leikskólanum YI.

Nýju kennararnir heita Andres Olema og Triinu-Liis Kúll en bæði koma þeir frá Eistlandi. Heimsóttu þeir Reykjahlíðarskóla á dögnum og leist vel á.

Nánari upplýsingar um tónlistarkennsluna verða birtar fljótlega og jafnframt sent í tölvupósti til foreldra.



Margrét Halla ráðin skrifstofustjóri

Rannveig Ólafsdóttir skrifstofustjóri Skútustaðahrepps hefur látið af störfum en hún hefur ráðið sig sem fulltrúa sýslumanns á Húsavík. Starf skrifstofustjóra var auglýst til umsóknar og bárust þrjár umsóknir. Sveitarstjórn staðfesti ráðningu Margrétar Höllu Lúðvíksdóttur í starf skrifstofustjóra Skútustaðahrepps og býður hana velkomna til starfa. Margrét Halla er öllum hnútum kunnug í Mývatnssveit, hefur búið hér lengi og séð m.a. um rekstur Kaffiborga. Við bjóðum Höllu hjartanlega velkomna til starfa um leið og við þökkum Rannveigu fyrir gott og farsælt samstarf.



Fjölgar á leikskólanum, húsnæði stækkað og nýtt stöðugildi

Þessa dagana er unnið að stækkun leikskólans og frágangi á leikskólalóð leikskólans Yls. Það stefnir í talsverða fjölgun barna á leikskólanum í vetur og til þess að mæta því hefur leikskólinn fengið stofu í Reykjahlíðarskóla til afnota auk þess sem verið er að byggja við leikskólann. Þá er verið að koma fyrir nýjum leiktækjum á leikskólalóðinni og jafnframt verður farið í frágang á jarðvegsvinnu á leikskólalóðinni á næstunni.


Því er nóg um að vera hjá leikskólanum Yl og erum við þakklát fyrir hversu vel foreldrar og börnin hafa sýnt þessum framkvæmdum biðlund því óneitanlega raskar þetta starfsemi. En þegar allt verið búið verður aðstaða leikskólans, bæði innan sem utandyra, miklu betri en áður.

Á seinasta fundi skólanefndar fór leikskólastjóri yfir barnafjölda á leikskólanum næsta starfsár. Um áramót er gert ráð fyrir því að barnafjöldi verði 31 miðað við núverandi umsóknir og hefur því fjölgað um sex börn frá síðasta starfsári. Verið er að stækka leikskólann og nýta eina kennslustofu í Reykjahlíðarskóla til að bregðast við fjölgun barna á leikskólaaldri. Leikskólastjóri óskar eftir því að bæta við einu stöðugildi við leikskólann á næsta starfsári til að geta mannað leikskólann miðað við þennan barnafjölda og minnka þörf á afleysingum. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að bætt verði við einu stöðugildi við leikskólann út þetta starfsár og staðan verði endurmetin þá. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bæta við einu stöðugildi við leikskólann til 31. júní 2018.

Starfsmaður óskast við leikskólann Yl

Starfsmaður óskast við Leikskólann Yl í Mývatnssveit. Um er að ræða 100% stöðu.

Kostur er að umsækjandi hafi leikskólakennararéttindi, sérkennsluréttindi eða aðra sambærilega menntun og geti hafið störf sem fyrst. Umsóknafrestur er til 1. september. Eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 821 9404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á skrifstofu Skútustaðahrepps eða á netfangið ingibjorg@myv.is



Ný snjallsímavæn heimasíða Skútustaðahrepps tekin í notkun 1. sept.

Ný og uppfærð snjallsímavæn heimasíða Skútustaðahrepps hefur verið í undirbúningi undanfarna mánuði. Þar sem hún er snjallsímavæn aðlagar hún sig af því tæki sem hún er skoðuð í. Sveitarstjóri hefur séð upp uppfærsluna í samstarfi við fyrirtækið Formenn ehf.

Því miður hefur vinnan við síðuna dregist á langinn af ýmsum ástæðum en nú sér fyrir endann á því og áætlað að síðan fari í loftið föstudaginn 1. september n.k. Verður ný heimasíða bylting enda sú gamla barn síns tíma. Er þetta liður í aukinni og bættri þjónustu sveitarfélagsins.

Rétt er að taka fram að heimasíðan verður með frekar einföldu sniði til að byrja með en síðan verður byggt ofan á það efni sem nú er komið inn. Því má segja að heimasíðan verði í mótun fram eftir vetri. Meðal annars koma eldri fundargerðir inn á síðuna á næstu vikum. Þetta er fyrsti áfangi heimasíðunnar af þremur. Í öðrum áfanga verður gerð ný heimasíða fyrir Reykjahlíðarskóla sem jafnframt verður hluti af þeirri nýju. Í þriðja áfanga verður gerð ný heimasíða fyrir leikskólann Yl.

Allar ábendingar um heimasíðuna eru vel þegnar og mikilvægt að upplýsingar sem þar eru séu réttar. Vinsamlegast sendið línu á sveitarstjori@myv.is



Réttir sunnudaginn 3. september

Réttað verður í Hlíðarrétt sunnudaginn 3. september n.k. Búast má við miklu fjölmenni og

því er ástæða til að ítreka að fara að öllu með gát enda réttirnar við þjóðveginn.

Af fráveitumálum

Sameiginlegri úrbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitu í Skútustaðahreppi árin 2017-2022 með lagalegum fyrirvörum og fyrirvara um fjárhagslega aðkomu ríkisvaldsins, var hafnað á 193. fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra 29. júní s.l. Í bókun nefndarinnar kemur fram:

„Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju sinni með þá sameiginlegu framtíðarsýn Sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila að vera til fyrirmyndar í fráveitumálum til að lágmarka áhrif mannsins á lífríki Mývatns.

Sömuleiðis lýsir heilbrigðisnefnd ánægju með þá undirbúningsvinnu sem birtist í skýrslu samstarfshóps um Mývatn; ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir (júní 2016) og skýrslu Eflu um fráveitumál við Mývatn; úttekt á núverandi stöðu og tillögur að úrbótum í ljósi ofauðgunar (21. mars 2017). Í sameiginlegri úrbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila sem barst heilbrigðisnefnd þann 15. júní 2017, kemur fram að gert er ráð fyrir 5 ára framkvæmdatíma og jafnframt kemur fram að fjármögnun framkvæmda liggur ekki fyrir og þá eru gerðir lagalegir fyrirvarar. Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að fjármögnun til úrbóta skuli ekki vera tryggð til verkefnisins, en bendir jafnframt á að slíkar forsendur geta ekki seinkað kröfum nefndarinnar á sveitarfélagið eða rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur því ekki fallist á umrædda úrbótaáætlun með þeim fyrirvörum sem hún er byggð á. Heilbrigðisnefnd fer fram á að Sveitarfélagið Skútustaðahreppur og rekstraraðilar skili inn fjármagnaðri

úrbótaáætlun vegna fráveitumála og er frestur til þess veittur til 15.september n.k."

Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með afgreiðslu heilbrigðisnefndarinnar, sem samkvæmt bókun nefndarinnar hvílir á athugasemdum um fjármögnun fráveituf framkvæmda sem áætlunin gerir ráð fyrir. Hvað sem líður lagalegum forsendum nefndarinnar til krafna um úrbótaáætlun, telur sveitarstjórn að nefndin hafi ekki forsendur til að hafna úrbótaáætlun með vísan til fjármögnunar. Með þessu hefur heilbrigðisnefnd byggt ákvörðun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum um höfnun úrbótaáætlunar, sem leiðir til ógildingar ákvörðunarinnar.

Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra hefur þegar verður kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála af hálfu sveitarfélagsins, samkvæmt 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórn bendir jafnframt á ákvæði 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gert er ráðfyrir að ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og sveitarfélags, verði skotið til ráðherra. Telji úrskurðarnefndin að kæruefni falli ekki undir valdsvið nefndarinnar, verður kærinni vísað til ráðherra.

Óli Halldórsson varaþingmaður VG sendi skriflega fyrirspurn til umhverfis- og auðlindaráðherra í vor um fráveitumál og á friðlýstum svæðum (þingskjal 1115, 604. mál). Svar ráðherra barst í síðustu viku og má lesa á vef Alþingis

(<http://www.althingi.is/alttext/146/s/1115.html>) .

Þar segir m.a.: „Ljóst er að staðan nú varðandi Mývatn er nokkuð sérstök. Þar eru í gildi sérlög um vernd Mývatns og Laxár og vísbendingar eru um hnignun lífríkisins, sem er sérstætt og verðmætt á heimsvísu, m.a. vegna fráveitna.

Krafa er uppi af hálfu stjórnvalda um úrbætur og framkvæmdir þar sem kostnaðarmat er hátt og mörg álitamál uppi. Því er þörf á sértækri úrlausn á þeim málum og er unnið að henni með aðkomu sveitarstjórnar og ríkisvaldsins."

Undirskriftalisti lagður fram vegna hreinsistöðvar– Boðað til íbúafundar

Á fundi sveitarstjórnar í gær var lagður fram undirskriftalisti með nöfnum 59 íbúa þar sem staðarvali fyrirhugaðrar skólphreinsistöðvar við Sniðilsveg er mótmælt.

Sveitarstjórn vísaði undirskriftarlistunum til umfjöllunar í skipulagsnefnd í tengslum við breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna skólphreinsistöðvarinnar í Reykjahlíð. Þá verður boðað til íbúafundar í september þar sem farið verður yfir fráveitumál í sveitarfélaginu og staðsetningu hreinsistöðvar.

Til að reyna að draga fram helstu upplýsingarnar sem fram koma í bréfinu sem fylgir undirskriftalistanum þá má taka það saman í sex liði. Í bréfinu kemur m.a. fram:

1. Að það sé óljóst hvert frárennsli frá stöðinni fer um hraunið þar sem það sé opið og hellaskotið.
2. Að lykt komi af frárennslinu.
3. Að það sé mikil hættu á skól- og lyktarmengun ef truflanir verða á rekstri stöðvarinnar.
4. Að tæmingar á föstu efni frá stöðinni verði mun tíðari en frá núverandi rotþróum.
5. Að virði húseigna næst stöðinni minnki.
6. Að niðurdæling sé eini ásættanlegi kosturinn.

Hér verður gerð tilraun til þess að svara þessu efnislega, að höfðu samráði við sérfræðinga sveitarfélagsins í fráveitumálum:

Áður er farið er ofan í hvern lið fyrir sig ber að nefna að núverandi rotþrær í Reykjahlíð verða

áfram til staðar sem fyrsta hreinsun og mun hreinsistöðin eingöngu hreinsa það affallsvatn sem nú rennur í siturlagnir við þær rotþrær og skila því hreinsuðu í nýtt seturbeð. Ef upp kemur bilun í brunnum eða einhverju sem tengist dælingu að nýrri hreinsistöð þá mun það affall sem rennur frá rotþrónum fara sömu leið og það fer í dag eða í siturbeð sem nú þegar eru til staðar við hverja rotþró. Tilvonandi hreinsistöð er viðbót við það hreinsikerfi sem nú er til staðar og vinnur eingöngu með affallið frá núverandi rotþró. Þetta er það sem kallað er umfram tveggja þrepa hreinsun. Unnið er að því að fá leyfi til að dæla affallsvatninu frá rotþrómi niður fyrir vatnasvið Mývatns en óljóst er hvort það leyfi fáist.

Hér eru svo ítarlegri svör:

1. Í því felst misskilningur að siturbeðið og svæðið við hreinsistöðina sé opið. Þetta er niðurgrafin hreinsistöð. Siturbeðið getur verið undir malarplani, grasi eða malbiki líkt og núverandi siturbeð við þær rotþrær sem eru til staðar í Reykjhliðarþorpi. Svæðið allt er á ungu og opnu hrauni og aðeins fáeinir metrar eru niður á grunnvatnsborð. Allt grunnvatnið á svæðinu rennur út í Mývatn þótt sprungur hliðri til rennslinu. Frárennsli stöðvarinnar er fullhreinsað, þ.e.a.s. það uppfyllir settar kröfur um gæði strax og það er losað í siturbeðið. Siturbeðið er gert með þeim hætti að grafin er út dágóð gryfja sem nær jafnvel niður á grunnvatnið og hún fyllt aftur af grjóti. Það er því ljóst að allt frárennsli stöðvarinnar mun strax fara töluvert undir yfirborð og kemur ekki upp fyrr en í Mývatni, mjög blandað grunnvatninu.

2. Í dag eru allnokkrar rotþrær í byggðinni í Reykjahlíð. Ef lykt frá þeim er ekki vandamál í dag er erfitt að sjá að lykt frá hreinsistöðinni ætti að verða vandamál því nálægð þeirra er

mun meiri. Óhreinsað skólp gefur frá sér lykt sem engum finnst góð og því er mjög eðlilegt að fólk hafi áhyggjur af því að lykt verði til vandræða. Lyktin stafar af ýmsum efnum sem fara í skólpið en mest stafar hún af því niðurbroti á lífrænu efni sem á sér stað í skólpinu og langverstar eru þær lofttegundir sem myndast við loftfirrt niðurbrot þegar ekki er nægilegt súrefni til staðar. Þær aðstæður eru gjarnan í hefðbundnum rotþrómi. Loft frá öndunarstútum rotþróa lyktar, ef skólpbrunnur er opnaður finnst lykt og þegar hlerar hreinsistöðvarinnar verða opnaðir finnst lykt. Mikilvægt er að átta sig á því að öll lykt deyr út með útþynningu og því skapar nægileg blöndun loftsins og þar með fjarlægð, vörn fyrir því að fólk finni lykt. Á höfuðborgarsvæðinu eru fjöldamargar skólpdælustöðvar þar sem skólp er á mikilli hreyfingu og inni í þeim stöðvum er töluvert lykt. Því eru þessi mannvirki vel loftræst og lyktinni er því blásið út. Fjarlægð þessara stöðva frá íbúðarhúsum er í mörgum tilfellum svipuð eða minni en sú hreinsistöð sem hér um ræðir. Aðeins ein þessara stöðva er búin lofthreinsunarbúnaði þar sem hún er sérlega nærri öðrum byggingum.

3. Rétt er að allur búnaður getur bilað og þar er skólphreinsistöð engin undantekning. Ef bilun verður minnkar hreinsivirknin til muna á meðan og frárennslið mun innihalda meira nitur og fosfór og grugg sem berst í grunnvatnið og áfram út í Mývatn. Hins vegar er mjög ólíklegt að íbúar yrðu varir við bilunina þar sem frárennslið er undir yfirborði og forhreinsunin er sambærileg og í rotþrómi, enginn búnaður er þar sem getur bilað. Í lagnakerfinu verða nokkrir dælubrunnar, ef þeir bila mun skólp renna út úr kerfinu með sama hætti og það gerir í dag við núverandi rotþrær.

4. Magn á föstum efnunum mun ekki breytast frá því sem nú er þar sem skólpið er það sama og áður. Ef eitthvað er verður umfangið minna því niðurbrot á því verður eitthvað betra.

5. Það er mikilvægt að fram komi að rotþrær, skólpdælubrunnar og niðurgrafnar hreinsistöðvar er eðlilegur hluti af byggð hvar sem er í heiminum. Fjarlægð fyrirhugaðrar hreinsistöðvar frá byggðinni í Reykjahlíð þykir alls ekki lítil. Fjöldamörg dæmi eru um að svona stöðvar séu settar niður innan lóða erlendis, jafnvel á þröngum hótellóðum. Í dag eru mörg hús í Reykjahlíð nær rotþró en sem nemur fjarlægð hreinsistöðvarinnar frá næsta íbúðarhúsi.

6. Sá möguleiki að dæla skólpi djúpt niður er valkostur varðandi lokaprep skólphreinsunarinnar. Samkvæmt sérfræðingi verkfræðistofunnar Eflu myndi aldrei ganga að dæla óhreinsuðu skólpi niður þrönga borholu, hún myndi mjög fljótt stíflast. Því mun alltaf þurfa fyrri stig hreinsunarinnar með hefðbundnum hætti að einhverju leyti en þetta er tæknleg úrlausn. Íbúar myndu engan mun finna á því hvort lokaprep hreinsunarinnar væri með borholu eða hefðbundnum hætti. Niðurdæling er vissulega áhugaverður valkostur sem lokahreinsun því hann teldist 100% hreinsun gagnvart lífríkinu í Mývatni.



Gestastofa við Skjólbrekku?

Eins og fram kom í bókun á síðasta sveitarstjórnarfundum hefur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkt að koma upp gestastofu í Mývatnssveit. Fram undan er ákvörðunarferli staðarvals og útfærsla á gestastofu ásamt mögulegri samþættingu. Sveitarstjórn telur að gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs í Mývatnssveit sé best til þess fallin að rísa við félagsheimilið Skólbrekku miðað við núverandi aðal- og deiliskipulag í Skútustaðahreppi og ýmsa möguleika á samþættingu við starfsemi Skjólbrekku og hugmyndir um Þekkingasetur. Sveitarstjórn samþykkir að oddviti, sveitarstjóri og formenn atvinnuáætlunarnefndar, umhverfisnefndar og félags- og menningarmálanefndar skipi undirbúningshóp um gestastofu í Mývatnssveit fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið tekur þátt í stofnfjárukningu Sparisjóðsins

Á aðalfundi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem haldinn var þann 2. maí 2016 var samþykkt að auka stofnfé sjóðsins um allt að 140 milljónir króna. Í bréfinu var þess óskað að Skútustaðahreppur taki þátt í stofnfjárukningunni. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að taka þátt í stofnfjárukningu sem nemur tveimur milljónum króna.

Unnið að gerð brunavarnaráætlunar

Að undanfögnu hefur verið talsvert fjallað um brunavarnaáætlanir sveitarfélaga. Þar hefur komið fram að ekki sé gild áætlun í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit en sveitarfélögin reka sameiginlegt slökkvilið. Rétt er að fram komi að brunavarnaráætlun sveitarfélaganna hefur verið í vinnslu um nokkurn tíma en beðið er gagna frá

Umhverfisstofnun til að ljúka við gerð hennar. Reiknað er með að áætlunin verði tilbúin eftir nokkrar vikur. Hins vegar er ljóst að hún þarfnast endurskoðunar strax á næsta ári í ljósi þess að Vaðlaheiðargöngin opna og vegna breytinga á reglugerð um starfsemi slökkviliða.

Undirbúningsnefnd Slægjufundar

Sveitarstjórn hefur falið Margréti Höllu Lúðvíksdóttur að kalla saman undirbúningsnefnd Slægjufundar 2017. Að vanda verður Slægjufundurinn fyrsta vetrardag, eða laugardaginn 21. október n.k.

ÁTVR áformar opnun áfengisverslunar

Fyrir sveitarstjórn lá erindi frá Ívari J. Arndal, forstjóra ÁTVR þar sem óskað er eftir heimild sveitarfélagsins til að opna áfengisverslun í Mývatnssveit með vísan til 10 gr. laga nr. 86/2011 um verslun ríkisins með áfengi og tóbak.

Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi beiðni ÁTVR.

Bæta þarf pósthjónustu

Fundargerð 297. fundar stjórnar Eypings dags. 14. ágúst 2017 var lögð fram á fundi sveitarstjórnar. Hún tók undir bókun stjórnar Eypings um drög að frumvarpi um pósthjónustu að í frumvarpinu verði íbúum í dreifbýli tryggt ásættanlegt þjónustustig og að verð á pósthjónustu eigi að vera það sama um allt land.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafnar því að dreifing alþjónustuveitanda skuli vera að lágmarki einu sinni í viku. Sveitarstjórn telur æskilegt að lágmarkið verði þrisvar sinnum í viku og á föstum vikudögum.



HRÓS DAGSINS...

fær Lake Mývatn Concert fyrir frábæra tónleikaviðburði í sumar. Þetta hefur verið mikil veisla en einn af hápunktunum voru tónleikar Dimmu í Léttsteypunni þar sem heimamaðurinn Stefán Jakobsson lék á als oddi.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi í sumar eins og samningafundi sem tengjast fráveitumálum, tekið bæði á móti fjármálaráðherra og samgönguráðherra, setið nefndarfund, forstöðumannafundi og ýmislegt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórastillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri